

veiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla, svo og orðin: „námsstyrkjum þeim og námslánunum, sem og“ og „öðrum“ í g-lið 7. gr. l. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Gjört í Reykjavík, 31. marz 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 12. gr. laga nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, orðist svo:
Ráðherra skipar fimm manna barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það hafa aðsetur í Reykjavík. Formaður ráðsins skal vera lögfræðingur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. marz 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ í Fremri-Torfustaðahreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.